

1860.
20. apríl.

Um þetta efni er yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar þeim, er hlut á að máli, að eptir því sem á stendur er frá dómsmálastjórnarinnar hálfu ekkert þessu til fyrirstöðu.

Þér hafið því næst skotið undir úrskurð stjórnarinnar, hvort borga megi úr jarðabókarsjóði Íslands þann hluta af alþingiskostnaðinum 1859, er fari fram úr upphæð þeirri, sem ákveðin er í fjárhagslögnum. Um þetta atriði skal skýrskotað til bréfs heðan, 28. janúarm. þ. á.; er í því veitt það leyfi, sem hér er æskt¹.

12. maí. **21. Bréf hinnar íslenzku stjórnardeildar til stiptamt-
mannsins yfir Íslandi, um ríkisskuldabréf.**

Frá fjárhagsstjórninni hafa út komið auglýsingar þær, er fylgja með bréfi þessu og nú skal greina:

1. Auglýsing 22. septemberm. 1859, um það hvernig að skuli farið, þá er skipt er gömlum ríkisskuldabréfum fyrir ný, hvort sem þau eru inn kölluð eður eigandi sendir þau að eigin vild;
2. Auglýsing 30. janúarm. 1860, um innköllun nokkurra ríkisskuldabréfa og kvittunarbréfa (Indskrivningsbeviser) til þess þeim verði skipt fyrir önnur, og
3. Auglýsing 20. aprílm. 1860, um innköllun nokkurra ríkisskuldabréfa til þess þeim verði skipt.

Um leið og 4. deild fjárhagsstjórnarinnar sendi hingað

1) Landfógetinn hafði neitað að borga úr jarðabókarsjóði Íslands meira til alþingiskostnaðar 1859 eptir ávisunum alþingisforsetans, en til var tekið í þessu skyni í fjárhagslögnum fyrir árið 1859/60; það því forseti stjórnina um að veita leyfi til að borga gjald það, er fram yfir færi, og mundi nema svo sem 2000 — 2200 ríkisdöllum. Dómsmálastjórnin gaf þess kost, í bréfi til stiptamtmanns 28. janúarm. 1860, að borga mætti úr jarðabókarsjóði Íslands á vana-
legan hátt fê það, er alþingiskostnaðurinn 1859 færi fram úr þeim 10,000 rdl., sem til eru teknir í fjárhagslögnum.

auglýsingar þessar með bréfi 3. þ. m. gat hún þess, að þó efni þeirra væri almenns eðlis ættu þær samt ekki að gilda á Íslandi, og sama væri um auglýsingar þær, sem hér eptir kynnu að koma út, til að innkalla ríkisskuldabréf, til þess þeim yrði skipt; þess vegna beri eigi að álíta þau skuldabréf, sem á Íslandi séu, sem innkölluð, og verði því greiddir vextir af þeim úr jarðabókarsjóði Íslands öldúngis á sama hátt og að undanfögnu, þó að skuldabréf, sömu tegundar og þau, kynnu að vera innkölluð með slíkri auglýsingu til þess þeim yrði skipt fyrir önnur, og þar að auki væri á kveðið, að vextir ekki yrðu greiddir af þeim frá þeim tíma, er fjárhagsstjórnin hefði til tekið.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til nauðsynlegrar auglýsingar.

1860.
12. maí.

22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um móthþróa móti gjaldi til jafnaðarsjóðsins¹. 26. maí.

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi til dómsmálastjórnarinnar 10. febrúarm. þ. á., skýrt frá, hvað fram hafi farið á manntalsþingum í vesturumdæminu tvö undanfarin ár, þá er krafizt hefir verið gjalds þess, er greiða skal til jafnaðarsjóðsins.

Af skýrslu yðar og skjölum þeim, er henni fylgdu, sèst, að til þess að jafnaðarsjóður vesturumdæmisins gæti svarað þeim hinum talsverðu gjöldum, er hann átti að greiða tvö hin umræddu ár, og sem einkum höfðu aukizt mjög af því, að eptir bréfi dómsmálastjórnarinnar 11. maímánaðar 1858 og fjáraulögunum 29. desembermánaðar 1857 var á kveðið, að það 2478 rdl. lán, er jafnaðarsjóðurinn hafði fengið úr jarðabókarsjóðnum til þess að standast kostnað af Hvítárverðinum gegn fjárkláðanum árið 1857, skyldi endurgoldið innan tveggja ára — þá hafið þér, með ráði nokkurra manna, er kunnugir voru hvernig á stöð, á kveðið 10 skilðinga gjald af hverju gjaldskyldu lausa-

1) sbr. „Íslendinga“ Nr. 16, 8. Novbr. 1860.